

## **Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um endurgreiðslu útsvars til hinna tekjulægstu**

Lagt er til að Reykjavíkurborg endurgreiði útsvar til tekjulægstu borgarbúanna á mánaðarfresti. Miðað skal við að þeir sem eru einungis með mánaðartekjur upp á 300.000 krónur eða minna fyrir skatt fái útsvarið að fullu endurgreitt. Endurgreiðslan skal skerðast með auknum tekjum með það að markmiði að tryggja að sem fæstir séu með lægri ráðstöfunartekjur en 300.000 krónur á mánuði. Miðað er við að endurgreiðsla útsvars falli niður þegar því takmarki er náð. Hér er þó rétt að nefna að mánaðartekjur margra ná ekki 300.000 þúsund krónum og þar er miðað við fulla endurgreiðslu útsvars. Þar má nefna einstaklinga sem eru á fjárhagsaðstoð til framfærslu, eftirlaunafólk með lágur tekjur, eldri borgara og öryrkja með lítinn sem engan lífeyrissjóðsrétt og lífeyrisþega með skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna fyrri búsetu erlendis. Allt eru þetta dæmi um borgarbúa sem greiða skatt til Reykjavíkurborgar og lifa við knöpp kjör og er þessi tillaga lögð fram til að bæta fjárhagsstöðu þeirra sem hafa lægstu tekjurnar. Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verið falið að útfæra efni tillögunnar og koma henni í framkvæmd. Þá er einnig lagt til að endurgreiðsluviðmið þróist í takt við upphæðir lægstu launa og tekna.

### **Greinargerð**

Margir borgarbúar búa við erfiða fjárhagslega stöðu þar sem mánaðartekjur duga ekki fyrir helstu nauðsynjum og einstaklingar hafa oft þurft að neita sér um þætti sem teljast til grunnþarfa. Nú nýverið lagði ríkisstjórnin fram aðgerðapakka vegna kjarasamninga sem felur m.a. í sér 9 þúsund króna skattalækkun til lágtekjufólks. Sveitarfélögin geta einnig létt skattbyrði af lágtekjufólki með því að endurgreiða þeim tekjulægstu útsvarið sem þeir hafa greitt í borgarsjóð. Útsvarsprósentan er 14,52% í Reykjavíkurborg og getur því dregið upphæðir lægstu launa verulega niður. Þar má nefna að grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til Reykvíkinga, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið að hámarki 201.268 krónum á mánuði fyrir skatt. Þeir aðilar sem fá einungis lágmarksframfærslutryggingu örorku- og endurhæfingarlífeyris fá 247.183 krónur á mánuði fyrir skatt. Þá eru einnig einstaklingar, bæði þeir sem eru á örorkulífeyri og eldri borgarar, sem eru í þeirri stöðu að eiga ekki lífeyrissjóðsréttindi og þurfa því að lifa á upphæð sem dugar ekki til framfærslu.

Borgin veitir hinum tekjulægstu ýmsa afslætti, þar sem einstæðir foreldrar, öryrkjar og námsmenn geta fengið afslátt af leikskólagjöldum barna sinna og tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar geta fengið afslátt af fasteignagjöldum svo dæmi séu nefnd. Hér getur borgin tekið stærri skref í átt að því að létta undir með þeim sem hafa lítið á milli handanna. Samkvæmt lögum ber að greiða skatt af tekjum og því er lagt til að útsvar verði innheimt en síðan endurgreitt til þeirra tekjulægstu með þessum hætti. Til að bæta kjör þeirra borgarbúa sem hafa minnst á milli handanna er lagt til að þetta endurgreiðslukerfi fari fram og tryggi hinum verr settu í borginni auka ráðstöfunartekjur. Á meðan borgarbúar búa við þá stöðu að þurfa að komast af á mánaðartekjum sem duga ekki fyrir helstu nauðsynjum er lagt til að skattbyrði borgarbúa sem eru á lægstu tekjunum verði með þessum hætti felld niður. Í framhaldi getur borgin leitað leiða til að skattleggja fjármagnseigendur sem greiða ekkert útsvar af fjármagnstekjum sínum til borgarinnar og þannig leitast við að skapa réttlátara skattkerfi.

Félagsþjónusta er eitt af verkefnum sveitarfélaganna þar sem markmiðið er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar. Skal það m.a. gert með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti og með því að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál. Með því að endurgreiða þeim tekjulægstu í borginni útsvarið má tryggja að ráðstöfunartekjur þeirra einstaklinga hækkí og þar með talið er hægt að

létta álaginu af þeim borgarbúum sem lifa við sífelldar fjárhagsáhyggjur. Með þessu getur sveitarfélagið Reykjavíkurborg verið leiðandi í því að koma með breytingar á skattkerfi sveitarfélaganna með það að markmiði að létta byrðum af þeim sem hafa lægstu tekjurnar.